



REKSTRARSAMNINGUR
AKUREYRARBÆJAR OG
SKAUTAFÉLAGS AKUREYRAR
2024 – 2028

Rekstrarsamningur

**Akureyrarbær, kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri og Skautafélag Akureyrar
(í samningi þessum nefnt SA), kt. 590269-2989, gera með sér eftirfarandi
rekstrarsamning:**

I. Umfang og markmið samnings

1. gr.

Fyrir framlag Akureyrarbæjar til SA skal félagið sjá um rekstur og umsjón Skautahallarinnar á Akureyri ásamt íþróttatengdri starfsemi. SA annast alla þjónustu við almenning og við æfingar og mótt á vegum félagsins og annarra sem nýta mannvirkið

II. Afnot af Skautahöll

2. gr.

Deildir SA nýta aðstöðuna í Skautahöllinni til æfinga og keppni á opnunartíma hallarinnar hverju sinni eins og hann er skilgreindur í fylgiskjali nr. 2.

SA skal tryggja að opnunartími fyrir almenning sé eins rúmur og kostur er.

SA skal leitast við í samráði við grunnskóla bæjarins að taka á móti grunnskólanemendum í Skautahöllinni á skólatíma í kynningarskyni fyrir SA og ísíþróttir. SA skal því við gerð rekstrar- og þjónustuáætlunnar hvers árs gera ráð fyrir tínum í heimsóknir bekkja/hópa/árganga grunnskólanna á Akureyri. Heimsóknir skólanna eru þeim að kostnaðarlausu.

3. gr.

Akureyrarbær á rétt án endurgjalds að nýta Skautahöllina í einstaka tilfellum fyrir starfsemi sína eða fyrir viðburði á vegum bæjarins. Akureyrarbær greiðir þann rekstrarkostnað sem fellur á félagið vegna viðburðarins þ.e.a.s. ef SA veitir bænum þjónustu vegna þess. Um slík afnot skal haft samráð við SA og áform þar um tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara.

III. Rekstur Skautahallarinnar

4. gr.

Framlag Akureyrarbæjar vegna þessa samnings er kr. 33.240.250 árið 2024. Í fylgiskjali nr. 1 er sundurliðun á framlagi Akureyrarbæjar á samningstímanum. Þessar fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði og samþykki bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hvers árs.

Verði veruleg breyting á forsendum taka aðilar upp viðræður um breytingar á framlagi Akureyrarbæjar og umfangi verkefna í því skyni að laga þau að breyttum aðstæðum. SA á ekki kröfu á bæjarsjóð eða rétt á bóturnum þótt framlag Akureyrarbæjar til samningsins skv. 1. mgr. verði lækkað eða fellt niður samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Sbr. 13. gr skal Akureyrarbær tilkynna SA um breytingar með a.m.k. sex mánaða fyrirvara og getur ekki fellt niður eða breytt framlagi sínu fyrr en að þeim tíma liðnum.

Greiðslur skal greiða fyrirfram, mánaðarlega, í tólf jöfnum greiðslum og skal fyrsti virki dagur hvers mánaðar teljast gjalddagi. Beri fyrsta mánaðardag upp á langa helgi skal greiða síðasta virka dag mánaðarins á undan.

5. gr.

Aðalstjórn SA er ábyrg á rekstri Skautahallarinnar og skal halda sig innan fjárhagsáætlunar félagsins ár hvert og leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri.

Aðalstjórn SA skal hafa forstöðumann í starfi með þekkingu/reynslu á sviði rekstrar.

Forstöðumaðurinn skal bera ábyrgð á daglegri stjórnun Skautahallarinnar og heyra störf hans beint undir stjórn félagsins.

Forstöðumaður hefur yfirlit yfir notkun á þeim tínum sem ÍBA og grunn- og leikskólar bæjarins hafa til afnota í mannvirknu og skilar til forstöðumanns íþróttamála og ÍBA yfirliti um notkun þeirra í lok hvers árs.

Í samræmi við mannréttindastefnu Akureyrarbæjar skal skipað þannig í nefndir, ráð og stjórnir þeirra félaga sem hafa fasta styrktarsamninga við Akureyrarbæ að þess sé gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en því fulltrúa er að ræða. Ef kynjahlutfall er ekki samkvæmt stefnunni í dag, skal félagið gæta þess næst þegar skipað er í nefndir, ráð og stjórnir félagsins að það uppfylli ákvæði mannréttindastefnu Akureyrarbæjar, fylgiskjal 5.

6. gr.

SA fær í sinn hlut tekjur sem Skautahöllin kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan.

SA er einu heimilt að stunda sölustarfsemi, og/eða framselja til þriðja aðila, í Skautahöllinni á sína ábyrgð og að uppfylltum skilyrðum laga og reglna hvað það varðar. Aðilar eru sammála um að sölustarfsemi til barna er bönnuð á skólatíma.

SA er heimilt að setja upp auglýsingar, sem samræmast jákvæðu gildi íþróttastarfs og heilbrigðra lífsháttar, á veggi inni í Skautahöllinni og á lóð hallarinnar og skal það gert í fullu samráði við forstöðumann íþróttamála og fulltrúa UMSA og sbr. ákvæði í fylgiskjali 3 um auglýsingar í íþróttamannvirkjum.

Fjárlun SA skv. þessari grein er á þeirra ábyrgð, kostnað og áhættu og því óviðkomandi Akureyrarbæ.

IV. Rekstrarkostnaður, viðhald, umgengni og skilyrði

7. gr.

SA greiðir rekstrarkostnað vegna Skautahallarinnar, svo sem vegna minni áhalda og tækja tengdum mannvirkjum svo og almennt minna viðhald. Þó greiðir Akureyrarbær kostnað vegna rafmagns, hita, kalds vatns, fasteignagjöld, húseigendatryggingu og brunatryggingu af mannvirkjum í eigu Akureyrarbæjar (eignatryggingar).

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar (UMSA) og íþróttadeild annast viðhald á mannvirkjum eins og kemur fram í reglum um réttindi og skyldur leigusala og leigutaka (fylgiskjal nr. 5). UMSA vinnur árlega viðhaldsáætlun í samráði við forstöðumann Skautahallarinnar, forstöðumann íþróttamála og ÍBA.

8. gr.

Umhirða, umgengni og þrif í Skautahöllinni eru á ábyrgð SA og skulu vera í samræmi við kröfur Akureyrarbæjar og heilbrigðisyfirvalda. Allar breytingar í Skautahöllinni og/eða lóð hennar eru óheimilar án skriflegs leyfis frá Akureyrarbæ.

Nánari úlistun á atriðum varðandi rekstur, skilyrði, starfsmannahald, rekstrarkostnað, tryggingar o.fl. eru í fylgiskjali nr. 3.





V. Upplýsingaskylda íþróttafélagsins

9. gr.

SA er skylt að halda bókhald vegna rekstrar íþróttasvæðis SA, sem skal fært samkvæmt almennum reikningsskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega í samræmi við „Reglur um styrkveitingar Akureyrarbæjar“.

- SA skal skila rekstraráætlun næsta árs til forstöðumanni íþróttamála, sviðsstjóra fjársýslusviðs og framkvæmdastjóra ÍBA fyrir 15. febrúar ár hvert.
- SA skal skila ársreikningi síðasta árs til forstöðumanni íþróttamála, sviðsstjóra fjársýslusviðs og framkvæmdastjóra ÍBA fyrir 15. maí ár hvert.
- Ársreikningar SA skulu vera aðgengilegir á rafrænu formi á heimasiðu félagsins.

10. gr.

Í framhaldi af útgáfu ársreiknings félagsins að vori gerir forráðamaður SA sviðsstjóra fjársýslusviðs Akureyrarbæjar, forstöðumanni íþróttamála og íþróttabandalagi Akureyrar grein fyrir rekstrarstöðu SA. Boðun fundanna er á ábyrgð forstöðumanni íþróttamála. Skulu upplýsingarnar sem koma fram á þessum fundum kynntar fræðslu- og lýðheilsuráði í kjölfarið.

Á grundvelli ársreiknings og/eða rekstraráætlunnar, getur Akureyrarbær gert athugasemdir, óskað eftir aðgangi að bókhaldsgögnum og viðeigandi fylgiskjölum, frekari útskýringum og komið með aðgerðaráætlun er varðar reksturinn innan ramma persónuverndarlaga. Verði SA ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að stöðva greiðslur sbr. 14. gr með þriggja mánaða fyrirvara frá næstu mánaðamótum eftir skiladag upplýsinga uns úrbætur hafa átt sér stað. SA getur jafnframt óskað leiðréttинга á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

11. gr.

Forstöðumaður íþróttamála er eftirlitsaðili með samningi þessum af hálfu Akureyrarbæjar.

Telji fulltrúar Akureyrarbæjar að Skautahöllin sé ekki rekin samkvæmt samningi þessum, eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, samkvæmt reglum um vinnueftirlit, í samræmi við samninga um réttindi og kjör starfsmanna eða reglur um heilbrigði og öryggi, skal skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði SA ekki við þeim tilmælum innan sjö daga er Akureyrarbæ heimilt að stöðva greiðslur með þriggja mánaða fyrirvara sbr. 14. gr

VI. Fylgiskjöl með samningi

12. gr.

Með samningi þessum eru fimm fylgiskjöl sem fela í sér nánari útfærslu á afnotum félagsins af Skautahöllinni, og eru þau óaðskiljanlegur hluti samnings þessa;

1. Fylgiskjal nr. 1 – Rekstrarframlag Akureyrarbæjar til SA
2. Fylgiskjal nr. 2 – Opnumartími Skautahallarinnar, vaktaplan starfsmanna, starfslýsingar og verklýsingar.
3. Fylgiskjal nr. 3 – Rekstur, skilyrði ofl.
4. Fylgiskjal nr. 4 – Skipting varðandi rekstrar- og viðhaldsverkefni
5. Fylgiskjal nr. 5 – Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Akureyrarbæjar um rekstur íþróttahúsa og mannvirkja.

Breytingar á fylgiskjölum verða aðeins gerðar með samþykki beggja aðila

Öll brot á ákvæðum í fylgiskjali skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningum sjálfum.



13. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2024 og gildir til 31. desember 2028 eða þar til annar hvor samningsaðili óskar eftir endurskoðun eða uppsögn með sex mánaða fyrirvara.

Samningsaðilar endurskoða þennan samning haustið 2026 þegar reynsla er komin á rekstur Skautahallarinnar eftir breytingar og stækkan aðstöðunnar inni í Skautahöllinni á samningstímanum.

Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir.

Samningur þessi telst fylgiskjal við samstarfssamning milli Akureyrarbæjar og Íþróttabandalags Akureyrar. Verði gerðar breytingar á þeim samningi telst samningur þessi fylgiskjal nýs samstarfssamnings.

Akureyri, 24. janúar 2024

F.h. Skautafélag Akureyrar

Sigurður S. Sigurðsson formaður

F.h. Akureyrarbæjar

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift aðila:

Nafn og kennitala

Jón Þundlak Jónasson 31078356 09

Ólafur Ólafsson 120775-5529

Fylgiskjal nr. 1 - Rekstrarframlag Akureyrarbæjar til SA

Framlag Akureyrarbæjar til SA:

- a) Vegna launa 2,67 stöðugilda á ársgrundvelli samkvæmt kjarasamningi Kjalar og Kjaramálanefndar sambands ísl. sveitarfélaga, launaflokki 121 fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja vegna reksturs, umsjónar, viðhalds og vöktunar í Skautahöllinni, sbr. fylgiskjal nr. 3. Í framlaginu er m.a. gert ráð fyrir persónuá lagi, vaktaá lagi, yfirvinnu, persónuuppbót og launatengdum gjöldum.
- b) Vegna yfirstjórmars rekstursins, skrifstofukostnaðar, bókhalds- og endurskoðunarkostnaðar. Framlag samkvæmt þessum lið reiknast sem 15% hlutfalli af lið a).

Styrkir samkvæmt liðum a) og b) eru uppreiknaðir árlega 1. janúar í samræmi við breytingar á launavísitölu eins og hún er skráð í október ár hvert, með grunnvísitölu í október 2023.

- c) Vegna rekstrarvara og vegna minniháttar viðhalds skv. skilgreiningu UMSA í mannvirkjum Akureyrarbæjar sjá. fylgiskjal nr. 4. Framlag samkvæmt þessum lið framreiknast um 3% milli ára á samningstímanum

Styrkir samkvæmt lið c) er uppreiknaður árlega 1. janúar í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hún er skráð í janúar ár hvert, með grunnvísitölu í janúar 2024.

Skilgreining og sundurliðun á rekstrarstyrk til SA	
Rekstur mannvirkis	2024
Laun starfsmanna íþróttamannvirkis mv. 2,67 stg	28.035.000
Yfirstjórn, skrifstofa, bókhald og endurskoðun (15%)	4.205.250
Samtals vegna launa, yfirstjórnar og skrifstofu	32.240.250*
Rekstrarvörur og minniháttar viðhald	1.000.000
Samtals vegna annars við rekstur mannvirkisins	1.000.000**
Samtals 2024	33.240.250

*Framlagið samtals vegna launa, yfirstjórnar og skrifstofu uppreiknast milli samningsára 1. janúar skv. launavísitölu í október

**Framlag samkvæmt þessum lið uppreiknast milli samningsára 1. janúar skv. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar

Sbr. 7.gr. þá greiðir Akureyrarbær kostnað vegna rafmagns og vatns í Skautahöllinni. Kostnaður Akureyrarbæjar af þessum rekstrarliðum í Skautahöllinni árið 2023 var um 12 milljónir.

Fylgiskjal nr. 2 - Opnunartími Skautahallarinnar, vaktaplan starfsmanna, starfslýsingar og verklýsingar.

Samningurinn gildir um umsjón og daglegan rekstur á Skautahöllinni á Akureyri.

Opnunartími

Opnunartími Skautahallarinnar er 12 mánuðir með þeim fyrirvara að SA skipuleggur opnun í júní og júlí með tilliti til sumarleyfa starfsmanna og fjármagns til launakostnaðar.

Skautahöllin skal vera opin til æfinga og keppni alla virka daga frá kl. 14:00 til kl. 23:00 og frá kl. 08:00 til kl. 17:00 á laugardögum og sunnudögum. Skautahöllin skal að jafnaði vera lokað á öllum almennum frídögum nema ef skipulögð eru mótt eða sýningar á þeim dögum.

Vaktafyrirkomulag starfsmanna

Ræstingar	Afgreiðshitólk	Klefavarsia	Starfsmaður	Framkvæmdastjóri	Svelliagerðarmenn
9.00-13.00	13.00-16.00 og 19.00-21.00	14.00-20.00 og 8.00-13.00 helgar	Janúar	8.00-17.00	17.00-23.00 og 10.30-23.00 helgar
9.00-13.00	13.00-16.00 og 19.00-21.00	14.00-20.00 og 8.00-13.00 helgar	Febrúar	8.00-17.00	17.00-23.00 og 10.30-23.00 helgar
9.00-13.00	13.00-16.00 og 19.00-21.00	14.00-20.00 og 8.00-13.00 helgar	Mars	8.00-17.00	17.00-23.00 og 10.30-23.00 helgar
9.00-13.00	13.00-16.00 og 19.00-21.00	14.00-20.00 og 8.00-13.00 helgar	April	8.00-17.00	17.00-23.00 og 10.30-23.00 helgar
9.00-13.00	13.00-16.00 og 19.00-21.00	14.00-20.00 og 8.00-13.00 helgar	Máí	8.00-17.00	17.00-23.00 og 10.30-23.00 helgar
9.00-13.00			Júní	8.00-17.00	Sumarfrí
Sumarfrí			Júlí	Sumarfrí	Sumarfrí
9.00-13.00	13.00-16.00 og 19.00-21.00	14.00-20.00 og 8.00-13.00 helgar	Ágúst	8.00-17.00	17.00-23.00 og 10.30-23.00 helgar
9.00-13.00	13.00-16.00 og 19.00-21.00	14.00-20.00 og 8.00-13.00 helgar	September	8.00-17.00	17.00-23.00 og 10.30-23.00 helgar
9.00-13.00	13.00-16.00 og 19.00-21.00	14.00-20.00 og 8.00-13.00 helgar	Október	8.00-17.00	17.00-23.00 og 10.30-23.00 helgar
9.00-13.00	13.00-16.00 og 19.00-21.00	14.00-20.00 og 8.00-13.00 helgar	Nóvember	8.00-17.00	17.00-23.00 og 10.30-23.00 helgar
9.00-13.00	13.00-16.00 og 19.00-21.00	14.00-20.00 og 8.00-13.00 helgar	Desember	8.00-17.00	17.00-23.00 og 10.30-23.00 helgar

Starfslýsingar

Starfslýsingar geta tekið breytingum samhliða breytingum á ráðningarsamningum og umfangi félagsins. Svo skráðar 01.01.2024:

Framkvæmdastjóri

- Ábyrgur gagnvart aðalstjórn félagsins og honum ber að framfylgja markmiðum hennar og ákvörðunum í starfi sínu.
- Ábyrgur fyrir daglegum rekstri Skautahallarinnar.
- Sér um markaðssetningu hússins og auglýsingar félagsins.
- Ber ábyrgð á nýtingu hússins og annast uppsetningu á tímatoflum félagsins
- Ber ábyrgð á bókhaldi félagsins og leggur fram rekstraruppgjör mánaðarlega fyrir aðalstjórn.
- Gefur út reikninga, innheimtu þeirra sem og greiðslu reikninga til lánadrottna.
- Hefur umsjón með eignum félagsins, viðhaldi búnaðar og tækja.
- Annast pantanir á aðföngum og söluvörum félagsins.
- Heldur utan um viðskipti við stærri styrktaraðila í samráði við formann aðalstjórnar auk þess að hafa sæti í fjárlunarnefnd félagsins.
- Ábyrgð á uppfærslu félagatals og hefur eftirlit með skráningu iökenda.
- Ábyrgð á innheimtu félagsgjalda.
- Annast ráðningu á starfsfólki hallarinnar og tryggir að unnið sé eftir markmiðum félagsins og gildandi kjarasamningum.
- Vinnur í nánu samstarfi við yfirþjálfara deildanna varðandi úthlutun á svelli og breytingar á tímatoflu.

- Er tengiliður við Akureyrarbæ og ÍBA.
- Sér um samskipti við fjöldi í samráði við formann og tekur þátt í skipulagningu á ýmsum uppákomum og aðstoðar deildir í uppákomum þeirra.
- Sér um heimasíðu félagsins (aðalsíðu) og ber ábyrgð á því að allar helstu upplýsingar er varða félagið komi fram á henni.
- Ábyrgur fyrir því að sjúkrakassi sé reglulega yfirfarinn og í hann bætt því sem vantar.

Svellagerðarmenn

- Eru umsjónarmenn Skautahallarinnar og eigna hennar á sínum vöktum.
- Sjá um dagleg þrif í Skautahöllinni um kvöld og helgar.
- Hefla svellið samkvæmt tímatöflu.
- Sjá um að leiguskautar séu skerptir reglulega og í góðu lagi.
- Skerpa skauta fyrir almenning og iðkendur.
- Sjá um að íshefill sé smurður reglulega, þrifinn og bónaður.
- Sinna almennu viðhaldi eftir þörfum.
- Sjá til þess að fullorðnir iðkendur á kvöldtímum virka daga séu ábyrgir fyrir því að gluggum sé lokað, hurðum læst og ljós slökkt í lok dags en starfsmaður skal sjálfur ganga frá höllinni þegar mótt eða leikir eiga sér stað.

Ræstitæknir

Helstu verkefni ræstitæknis eru eftirfarandi:

- Sjá um dagleg þrif í Skautahöllinni á virkum dögum.
- Hafa umsjón með birgðastöðu ræstivara.
- Standa vakt í sjóppu á föstudögum.
- Sinna almennu viðhaldi eftir þörfum.

Fylgiskjal nr. 3 – Rekstur, skilyrði ofl.

Rekstur og skilyrði

- SA er óheimilt að veðsetja greiðslur skv. samningi þessum, sbr. kafla 3. Þá er SA óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum. Akureyrarbæ er heimilt að ráðstafa greiðslum skv. samningi þessum í samræmi við samningsskuldbindingar SA þannig að greiðslunum sé varið í þá þætti sem þeim er ætlað að ganga til greiðslu á ef vanskil myndast á þeim þáttum hjá SA. Þá er Akureyrarbæ eða stofnunum hans heimilt að skuldajafna gjaldföllnum kröfum Akureyrarbæjar á hendur SA á móti samningsgreiðslum.
- SA er óheimilt að veðsetja eignir sínar eftir gildistöku þessa samnings, nema að fengnu samþykki Akureyrarbæjar.
- SA er skyld að ráðstafa hagnaði einstakra deilda til að mæta tapi annarra deilda í samstæðuársreikningi félagsins.

Starfsmannahald

- Meðal verkefna forstöðumanns er ráðning starfsmanna s.s. við eftirlit, móttöku, þrif og önnur verk sem til falla. Forstöðumaður skal skipuleggja vaktir, vinnutíma, frí o.fl.
- Starfsmenn skulu hafa lokið sérstökum námskeiðum í skyndihjálp fyrir starfsmenn íþróttamannvirkja og við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða upplýsingar úr sakaskrá.
- Forstöðumaður skal gæta þess að starfsemi Skautahallarinnar brjóti ekki í bága við almennar reglur Akureyrarbæjar um rekstur slíkra mannvirkja. Hann skal sækja þá fundi sem forstöðumanninni íþróttamála telur nauðsynlega til samræmingar á starfsemi íþróttamannvirkja á Akureyri og leitast við að tryggja gott upplýsingaflæði milli SA og Akureyrarbæjar. Hann skal einnig leitast við að aðlaga rekstur Skautahallarinnar að þeim ábendingum sem forstöðumanninni íþróttamála kemur á framfæri fyrir hönd Akureyrarbæjar.
- Starfsmenn Skautahallarinnar skulu ráðnir af SA og á ábyrgð þess að öllu leyti. Félagið skuldbindur sig til að hafa kjör starfsmanna í samræmi við þá kjarasamninga sem gilda um réttindi og kjör þeirra sem vinna sambærileg störf hjá Akureyrarbæ. SA greiðir allan kostnað vegna starfsmannahalds, launatengdra gjalda, trygginga o.s.frv.
- Gert er ráð fyrir að SA ráði starfsmenn til að sinna umsjónar- og húsvörslu.
- Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegri stjórnun Skautahallarinnar og hefur umsjón og eftirlit með útleigu og niðurröðun á útseldum tímum í Skautahöllinni.
- Forstöðumaður gætir þess að umgengisreglur Skautahallarinnar séu virtar.
- Forstöðumaður hefur umsjón og eftirlit með snjómokstri á bílastæði við Skautahöllina. Akureyrarbær greiðir kostnað sem til fellur vegna snjómoksturs á þessum bílastæðum, sjá fylgiskjal 4.
- Félagið ber ábyrgð á að öllum starfsmönnum félagsins, þjálfurum, leiðbeinendum og starfsmönnum íþróttamannvirkja félagsins, séu kynntar þær reglur og lög um öryggi sem við eiga á hverjum stað sbr. Reglur um öryggi í íþróttahúsum, ýmis ákvæði Hollustuverndar um færانleg mörk og markfestingar, ásamt ísl. og evrópskum stöðlum um íþróttabúnað.

- Samkvæmt vinnuverndarlögum nr. 46/1980 ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem byggir á áhættumati. Markmiðið er að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins. Slíkt áhættumat skal SA framkvæma einu sinni á ári og kynna forstöðumanni íþróttamála.
- Akureyrarbær kemur til móts við kostnað SA vegna langtímoveikinda starfsmanna. SA getur innheimt sérstaklega kostnað vegna þessara langtímoveikinda (samfelld veikindi meira en 1 mánuður) hjá Akureyrarbæ. Framvísa skal læknisvottorði viðkomandi starfsmanns í slíkum tilfellum.
- SA skal tryggja að allir starfsmenn hafi starfs- og verklýsingar sem Akureyrarbær getur kallað eftir.


Rekstrarkostnaður, mannvirki, aðstaða, tryggingar, viðhald o.fl.

- Akureyrarbær greiðir kostnað vegna rafmagns, hita- og kalt vatns af Skautahöllinni
- SA skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna mannvirkjanna.
- SA skal sjá til þess að öll umhirða og umgengni í íþróttamannvirkjum sé með þeim hætti að ekki skapist hætta af fyrir notendur og gesti. SA skal kaupa tryggingu vegna þessa.
- SA skal útbúa og fylgja þrifaáætlun fyrir Skautahöllina og skila til forstöðumanns íþróttamála.
- Félagið skal flokka rusl sem fellur til í Skautahöllinni og setja upp flokkunarruslafötur fyrir notendur svæðisins.
- Forstöðumaður er í forsvari fyrir félagið í öryggismálum og heldur saman öllum skýrslum um slys og óhöpp (slysaskráning) sem eiga sér stað í, á eða við íþróttamannvirki sem samningurinn tekur til.
- Akureyrarbær ber ábyrgð á tjóni/meiðslum sem verða í þeim mannvirkjum sem samningurinn tekur til ef hægt er að rekja það til gallaðs útbúnaðar viðkomandi mannvirkja.
- SA annast allt minniháttar viðhald og viðgerðir húsgagna, tækja og búnaðar.
- Þar sem Skautahöllin er skilgreind sem samstarfsstofnun Akureyrbæjar í útboðum vegna gámalosunar, hreinlætisvara og boða frá öryggiskerfum getur SA nýtt sér sömu kjör og Akureyrarbær í þessum þjónustukaupum fyrir Reiðhöllina.
- Lögð skal áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni. Þessi kostnaður er innifalinn í styrkupphæð Akureyrbæjar sbr. a lið í fylgiskjal 1 hér að ofan.
- Forgangsáætlun um stærra viðhald og endurnýjun búnaðar (sem ekki fellur undir rekstur íþróttafélags sbr. fylgiskjal 4) í Skautahöllinni skal forstöðumaður skila inn til forstöðumanns íþróttamála fyrir 1. ágúst ár hvert vegna verkefna sem óskað er eftir að farið sé í á næsta fjárhagsári. Forstöðumaður íþróttamála stillir upp verkefnum næsta árs miðað við fjárhagsáætlun og önnur verkefni í húseignum bæjarins, af gefnu samráði við UMSA. Framkvæmdarstjóri, forstöðumaður íþróttamála og fulltrúi UMSA funda í mars og ágúst ár hvert í tengslum við verkefni og viðhaldsvinnu í Skautahöllinni. Fundarboðun er á ábyrgð forstöðumanns íþróttamála.

Auglýsingar í íþróttamannvirkjum.

Í fjároflunarskyni er félaginu og einstökum deildum heimilt að setja upp auglýsingaskilti í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar. Uppsetning á auglýsingum utan á mannvirkjum Akureyrarbæjar eru ekki leyfilegar nema með leyfi forstöðumanns íþróttamála og umhverfis- og mannvirkjasviðs bæjarins. Uppsetning og viðhald á auglýsingaskiltum er á ábyrgð SA. Auglýsingar sem varða stjórnmál eða trúmál eða sem brjóta í bága við jafnrétti kynjanna eða almennt velsæmi eru ekki leyfilegar. Einnig ber að virða almenn landslög sem kveða á um efni auglýsinga eða bann við þeim sbr. lög um bann við auglýsingum um tóbak og áfengi nr. 6 /2002 og lög um samkeppni nr. 8/1993.

Gert er ráð fyrir að merki Akureyrarbæjar sé miðsvæðis eða á áberandi stað í öllum mannvirkjum.



Fylgiskjal 4 – Skipting varðandi rekstrar- og viðhaldsverkefni

Verkaskipting* milli Umhverfis- og mannvirkjasviðs (UMSA), forstöðumanns íþróttamála (ÍþR) og SA á verkefnum varðandi rekstur og umsjón Skautahallarinnar:			
Skautahöll Akureyrar	UMSA	ÍþR	SA
Almennt	UMSA	ÍþR	SA
Daglegt, vikulegt og mánaðarlegt eftirlit með húsi og svelli þrif		X	X
Rafmagn		X	
Hiti		X	
Snjómokstur á bílaplaní		X	X
Þvottur á bílaplaní			X
Merkingar á bílaplaní	X		
Hálkuvarnir			X
Bruna- og húseigendatrygging	X		
Starfsmannatryggingar			X
Peruskipti utan vallarlýsingar			X
Peruskipti á velli, keppnis- og æfingalýsing	X	X	
Skyndihjálparnámskeið			X
Viðhald innan dyra (málning, gólfefni, loftefni, fastar innréttningar, allar nýlagrir og endurbætur á lögnum, ný kerfi skv. reglugerðum)	X		
Viðhald, lóð og hús utan dyra (málun, viðgerðir á útveggjum, þak, þakkantur og þakrennur, gluggapóstar og gler, merkingar)	X		
Loftræsting	UMSA	ÍþR	SA
Síuskipti	X		
Daglegt eftirlit			X
Brunaviðvörunar- og öryggiskerfi	UMSA	ÍþR	SA
Árlegt eftirlit	X		
Tenging við vaktstöð			X
Endurnýjun slökkvitækja sem nauðsynleg er vegna umsagnar eldvarnareftirlits	X		
Rekstur bruna- og/eða öryggiskerfa	X		
Skautasvell	UMSA	ÍþR	SA
Dagleg yfirferð á svellinu og hefla ísinn			X
Mála og merkja plötu		X	X
Viðhald á ramma og gleri umhverfis svell	X		
Eftirlit með loft- og vallargæðum m.t.t. svifryks og sýkla			X
Tæki og búnaður	UMSA	ÍþR	SA
Stærra viðhald á íshefli		X	
Minna viðhald á íshefli			X
Viðgerðir á tækjum og húsgögnum			X
Rekstur slökkvitækja			X

*verkaskiptingin er ekki tämandi

Fylgiskjal nr. 5 – Listi yfir lög, reglugerðir og samþykktir Akureyrarbæjar um rekstur íþróttahúsa og mannvirkja.

1. Skyldur leigusala og leigutaka
 - a. <https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/skyldur-leigusala-og-leigutaka.pdf>
2. Íþróttalög nr. 64/1998 með síðari breytingum
 - a. <https://www.althingi.is/altext/stjt/2012.124.html>
3. Öryggis- og eftirlitshandbók fyrir íþróttahús, sem gerð var af Menntamálaráðuneytinu 2003
 - a. <https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/o-ryggis-og-eftirlitshandbo-k-fyrir-i-thro-ttahu-s-2003lr.pdf>
4. Reglur um baðvörslu í íþróttahúsum og sundlaugum
 - a. <https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/reglur-um-badvorslu-i-ithrottahusum-og-sundlaugum-hja-grunn.pdf>
5. Reglur um þrif og öryggisatriði í íþróttamannvirkjum
 - a. https://www.ust.is/library/Skrar/utgefild-efni/Annad/ust-2010_08.thrif-og-oryggi-i-ithrottahusum.pdf
6. Umgengisreglur í íþróttahúsum Akureyrarbæjar
 - a. <https://www.akureyri.is/static/files/ithrottamal/umgengisreglur-i-ithrottahusum-akureyrbaejar.pdf>
7. Reglur um styrkveitingar Akureyrarbæjar
 - a. <https://www.akureyri.is/static/files/Stjornsysla/Reglurstyrkv.pdf>
8. Vinnuumhverfisvízar Vinnueftirlitsins, styðjast skal við vinnuumhverfisvísa fyrir skóla
 - a. https://www.vinnueftirlit.is/media/vinnuumhverfisvisar-starfsgreina/15_skolar-visfe15.doc
9. Mannréttindastefna Akureyrarbæjar
 - a. [https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/reglur-og-samhykktir/jafnrettis-og-fiolskyldumal/mannrettindastefna-akureyrbaejar-2023-2027](https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/reglur-og-samthykktir/jafnrettis-og-fiolskyldumal/mannrettindastefna-akureyrbaejar-2023-2027)



SSS